

## Snjóflóð á Íslandi veturinn 2010–2011

---

Rúnar Óli Karlsson  
Pálína Þórisdóttir  
Sveinn Brynjólfsson  
Harpa Grímsdóttir

## Snjóflóð á Íslandi veturinn 2010–2011

---

Rúnar Óli Karlsson, Veðurstofu Íslands  
Pálína Þórisdóttir, Veðurstofu Íslands  
Sveinn Brynjólfsson, Veðurstofu Íslands  
Harpa Grímsdóttir, Veðurstofu Íslands

<b>Skýrsla nr.:</b> VÍ 2011-009	<b>Dags.:</b> Október 2011	<b>ISSN:</b> 1670-8261	<b>Opin</b> <input checked="" type="checkbox"/> <b>Lokuð</b> <input type="checkbox"/> <b>Skilmálar:</b>
------------------------------------	-------------------------------	---------------------------	--

<b>Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill:</b> Snjóflóð á Íslandi veturinn 2010–2011	<b>Upplag:</b> 45
	<b>Fjöldi síðna:</b> 43
<b>Höfundar:</b> Rúnar Óli Karlsson, Pálína Þórisdóttir, Sveinn Brynjólfsson og Harpa Grímsdóttir	<b>Framkvæmdastjóri sviðs:</b> Theodór F. Hervarsson
	<b>Verkefnisstjóri:</b> Harpa Grímsdóttir
<b>Gerð skýrslu/verkstig:</b>	<b>Verknúmer:</b> 4351-0-0001

**Unnið fyrir:**

**Samvinnuaðilar:**

**Útdráttur:**

Veturinn 2010–2011 var fremur hlýr og víðast hvar mun minni snjór í fjöllum en í meðalári. Á Norðurlandi og Austfjörðum var talsverður snjór fyrstu mánuði vetrarins þó sjaldan hafi snjóflóð valdið alvarlegum vandræðum. Í ofanflóðagagnasafn Veðurstofu Íslands eru skráðar u.þ.b. 200 færslur frá þessum vetri en flóðin eru töluvert fleiri vegna þess að stundum eru mörg flóð í sömu skráningunni. Ekkert manntjón varð í þessum flóðum og enginn slasaðist. Aldrei þurfti að grípa til rýminga vegna snjóflóðahættu. Viðbúnaðarástandi var einu sinni lýst yfir. Lítið fjárhagslegt tjón varð í snjóflóðum vetrarins fyrir utan flóð sem féllu yfir vegi og snjóflóð sem féll á bæinn Veisusel í Fnjóskadal. Tvö krapaflóð náðu niður í byggð á Fáskrúðsfirði og olli vatnið skemmdum í húsum.

**Lykilorð:**

Snjóflóð, snjóalög, tíðarfar, snjóflóða-aðstæður, snjóflóðasprengingar, snjó-dýptarmælingar, snjóflóðavakt, snjó-flóðahrinur, snjóflóðaannáll, annáll

**Undirskrift framkvæmdastjóra sviðs:**

*1 heildir St.*

**Undirskrift verkefnisstjóra:**

*Harpa Grímsdóttir*

**Yfirfarir af:**

SG



## Efnisyfirlit

Töfluskrá .....	5
1 Inngangur.....	7
2 Tíðarfarsyfirlit: október – júní.....	7
3 Snjódýptarmælingar .....	8
4 Yfirlit um snjóflóð og vöktun snjóflóðahættu.....	10
4.1 Fólk í snjóflóðum .....	11
4.2 Helstu flóð vetrarins .....	11
4.3 Helstu hrinur vetrarins.....	17
Heimildir .....	20
Viðauki I. Veðuraðdragandi nokkurra snjóflóða .....	21
Viðauki II. Skráð ofanflóð veturinn 2010–2011.....	26

## Töfluskrá

Tafla 1. Viðbúnaðarástand veturinn 2010–2011.....	11
Tafla 2. Veðurþættir helstu snjóflóða vetrarins.....	25
Tafla 3. Veðurstöðvar notaðar við að greina einstaka þætti í veðuraðdraganda snjóflóðanna. 25	

## Myndaskrá

Mynd 1. Snjódýpt í Seljalandshlíð .....	9
Mynd 2. Snjódýpt á Siglufirði.....	9
Mynd 3. Snjódýpt á Seyðisfirði.....	10
Mynd 4. Séð niður eftir farvegi. ....	12
Mynd 5. Flóð meðfram útihúsum.....	12
Mynd 6. Snjóflóð á bæinn Veisusel í Fnjóskadal. ....	13
Mynd 7. Snjóflóð á bæinn Veisusel í Fnjóskadal. ....	14
Mynd 8. Snjóflóðið lagði inn stafn á áföstu útihúsi. ....	15
Mynd 9. Krapaflóðið í Nýjabæjarlæk.....	16
Mynd 10. Krapaflóðin tvö á Fáskrúðsfirði.....	16
Mynd 11. Snjógryfja 12. janúar ofan Hallgilsstaða í Fnjóskadal. ....	19
Mynd 12. Vindhraði og vindátt á Gagnheiði 21.–27. desember 2010.....	21

Mynd 13. Hiti og uppsöfnuð úrkoma á Hallormsstað 21.–27. desember 2010.....	21
Mynd 14. Vindhraði og vindátt í Fnjóskadal 2.–8. janúar 2011.....	22
Mynd 15. Hiti og uppsöfnuð úrkoma á Akureyri 2.–8. janúar 2011 .	22
Mynd 16. Vindhraði og vindátt í Fnjóskadal 5.–11. janúar 2011.....	23
Mynd 17. Hiti og uppsöfnuð úrkoma á Akureyri 5.–11. janúar 2011. ....	23
Mynd 18. Vindhraði og vindátt á Fáskrúðsfirði 14.–19. janúar 2011. ....	24
Mynd 19. Hiti og uppsöfnuð úrkoma á Fáskrúðsfirði 14.–19. janúar 2011. ....	24

# 1 Inngangur

Veturinn 2010–2011 var fremur hlýr og óvenjulítill snjór var í fjöllum víðast hvar. Í ofanflóðagagnasafn Veðurstofu Íslands eru skráðar u.þ.b. 200 færslur frá þessum vetri en flóðin eru töluvert fleiri vegna þess að stundum eru mörg flóð í sömu skráningunni. Þess má geta til viðmiðunar að færslurnar eru rúmlega 300 frá vetrinum á undan. Fremur fá flóð féllu á vegi miðað við meðalvetur og hafa snjóflóðagögn Vegagerðarinnar frá vetrinum verið skráð í gagnagrunn Veðurstofunnar. Alls voru mældar eða teiknaðar útlínur fyrir um 100 flóð í kortagrunn Veðurstofunnar frá þessum vetri.

Annáll þessi nær yfir skráð snjóflóð vetrarins og þær krapa- og aurskriður sem fréttist af um veturinn. Annállinn nær ekki yfir aurskriður sumarsins. Flest flóðanna eru skráð af starfsfólki Veðurstofunnar og Vegagerðarinnar og er ljóst að fjölmörg flóð falla á ári hverju án þess að eftir þeim sé tekið eða þau skráð.

Enginn slasaðist eða fórst í snjóflóði þennan vetur. Aldrei þurfti að grípa til rýminga vegna snjóflóðahættu en tvisvar sinnum var gefin út almenn viðvörðun til ferðamanna vegna snjóflóðahættu. Viðbúnaðarástandi var lýst yfir einu sinni þennan vetur. Lítið fjárhagslegt tjón varð í snjóflóðum vetrarins, fyrir utan flóð sem féllu yfir vegi og snjóflóð sem féll á bæinn Veisusel í Fnjóskadal. Það braut glugga á íbúðarhúsi og lagði niður stafn á sambyggðu útihúsi. Tvö krapaflóð náðu niður í byggð á Fáskrúðsfirði og olli vatnið skemmdum í húsum. Nokkuð stórt snjóflóð féll í Ljósavatnsskarði sem stíflaði Króklækjargil. Mjólkurbíll lenti í jaðri flóðs við Veisusel í Fnjóskadal, fjallaskiðamaður kom flóði af stað og fór með því niður gil í Skutulsfirði og allstórt snjóflóð féll í Gljúfurárdal þar sem maður barst með flóðinu að mestu á kafi en endaði á yfirborði flóðsins ómeiddur.

## 2 Tíðarfarsyfirlit: október – júní

**Október.** Óvenju hlýtt var fyrri hluta mánaðarins en síðan kólnaði og var hitinn nærri meðallagi seinni hlutann og suma daga undir því. Úrkoma var víðast hvar minni en í meðalári nema sums staðar á Norðaustur- og Austurlandi.

**Nóvember.** Fremur kalt var með köflum og um miðjan mánuð varð óvenju snjóþungt víða um landið norðaustanvert. Á Suðvestur- og Vesturlandi var mánuðurinn með þurrara móti og snjóléttur.

**Desember.** Snörp kuldaköst gerði í byrjun mánaðarins og aftur upp úr honum miðjum sem stóðu í rúma viku. Þess á milli voru talsverð hlýindi og úrkomudagar fáir. Meðalvindhraði var minni en í meðalárferði. Á norðaustanverðu landinu snjóaði talsvert. Loftþrýstingur var óvenjulega hár þennan mánuð.

**Janúar.** Mánuðurinn var hlýr en þó ekki alveg jafn hlýr og janúar árið á undan. Fremur þurrt var um sunnan- og suðaustanvert landið en annars var úrkoma yfir meðallagi. Meðalvindhraði var meiri en í janúar undanfarin ár og talsvert var um samgöngutruflanir um landið norðan- og austanvert framan af mánuðinum. Mjög snjólétt var sunnanlands en meiri snjór var fyrir norðan og olli nokkrum erfiðleikum. Meðal annars féllu stór snjóflóð á nokkrum stöðum þar. Krapaflóð féllu í Fáskrúðsfirði í asahláku og jakahlaup í Fnjóská lokaði vegi um Dalsmynni.

**Febrúar.** Hlýindi og umhleypingar einkenndu mánuðinn. Úrkoma var mikil um landið sunnan- og vestanvert og loftþrýstingur var óvenju lágur. Minniháttar tjón varð í illviðrum en snjólétt var lengst af í mánuðinum.

**Mars.** Fremur umhleypingasamt var í mánuðinum og þótti jafnvel óhagstætt um vestanvert landið. Hiti var nærri meðallagi árána 1961 til 1990, lítillaga undir meðallagi á Vestfjörðum en ofan við það um landið norðan- og austanvert. Úrkoma var yfir meðallagi víðast hvar. Snjór var meiri um landið sunnan- og vestanvert en verið hefur í marsmánuði undanfarin ár en norðanlands var snjór minni en í meðalári.

**Apríl.** Mjög hlýtt var í mánuðinum og á austanverðu landinu var hann meðal hlýjustu apríl-mánaða allra tíma. Illviðrasamt var og mjög mikil úrkoma féll um landið sunnan- og vestanvert en þar var óvenju snjólétt.


**Maí.** Fyrri hluta mánaðarins var hiti yfir meðallagi en seinni hlutinn var kaldur. Norðanáhlaup gerði dagana 23. og 24. og snjóaði þá víða norðanlands og sums staðar á Austurlandi snjóaði mikið og varð ófærð þar á fjallvegum og truflanir á umferð í byggð.

**Júní.** Kalt var víða og snjó festi á nokkrum stöðum Norðanlands framan af mánuðinum. Meðalhitinn var sá lægsti í júní á Akureyri síðan 1952


### 3 Snjódýptarmælingar

Að neðan eru þrjú snjódýptarlínurit frá mismunandi landshlutum sem gefa góða mynd af snjósöfnun vetrarins. Um er að ræða lóðréttu snjódýpt sem mæld er á stikum sem komið er fyrir í hlíðum ofan bæja þar sem snjóflóð geta ógnað byggð. Í nóvember varð óvenju snjópungt víða um landið norðaustanvert og talsvert snjóaði þar í desember. Mikill snjór var norðaustanlands í janúar en snjólétt í febrúar og fram í maí en þá snjóaði víða norðanlands. Í janúar kom talsverður snjór á norðanverðum Vestfjörðum, snjólétt var í febrúar en snjódýpt jókst aftur í mars. Fyrir austan var mesta snjódýptin í janúar en í maí snjóaði einnig töluvert.






Mynd 1. Snjódýpt í Seljalandshlíð. Hæð stika yfir sjó (m) er tilgreind aftan við stikunafn.



Mynd 2. Snjódýpt á Siglufirði. Hæð stika yfir sjó (m) er tilgreind aftan við stikunafn.



Mynd 3. Snjódýpt á Seyðisfirði. Hæð stika yfir sjó (m) er tilgreind aftan við stikunafn.

## 4 Yfirlit um snjóflóð og vöktun snjóflóðahættu

Vaktmenn Veðurstofunnar sinna snjóflóðavakt á vinnutíma en bakvakt er sett á ef snjóalög eða veðurútlit gefa tilefni til.

Aðeins einu sinni var lýst yfir viðbúnaðarástandi þennan vetur og var það á Austurlandi vegna mikillar hláku og rigningar um jólin. Tvisvar sinnum var gefin út viðvörðun til ferðafólks vegna snjóflóðahættu. Aldrei þurfti að rýma hús.

Snjóflóð byrjuðu að falla í byrjun nóvember. Talsvert af flóðum féll þá á Norðurlandi vegna snjóþyngsla þar. Í desember var nokkuð um flóð á Norðurlandi og á Austfjörðum. Flest snjóflóð janúarmánaðar féllu á Norðurlandi. Bílstjóri mjólkurbíls lenti í jaðri flóðs skammt norðan Veisusels og lokaði snjóflóðið veginum á um 100 metra breiðum kafla og annað flóð lenti á íbúðarhúsinu Veisuseli en síðustu ábúendur fluttu út haustið 2010. Í febrúar féllu flest flóð á Austfjörðum og nokkur stór. Í mars féll nokkuð af snjóflóðum á Norðurlandi en þau voru ekki mjög stór. Apríl var tíðindalítill hvað snjóflóð varðar en þó komu fjallaskíðamenn af stað tveimur flóðum. Norðanáhlaup gerði dagana 23. og 24. maí og snjóaði mikið á Austurlandi og skilaði það nokkrum snjóflóðum þar. Í júní festi snjó á nokkrum stöðum norðanlands og féllu nokkur snjóflóð fyrri hluta mánaðarins.

Snjóflóð ollu litlum vandræðum þennan vetur á Vestfjörðum. Aldrei þurfti að loka veginum um Súðavíkurhlíð og helstu tíðindin varðandi snjóflóð á Vestfjörðum eru að vegurinn um Óshlíð var aflagður vegna Bolungarvíkurganga sem opnuðu haustið 2010. Aftur á móti var meiri

truflun á samgöngum á Norðurlandi og Austfjörðum af völdum snjóflóða en þó lítil miðað við síðustu tvo vetur á undan.

Eitthvað var um snjóflóð á skíðasvæðum þennan vetur en enginn lenti í flóðunum og þau voru ekki til vandræða. Eftirlit skíðasvæða m.t.t. snjóflóða eykst smám saman með tilkomu reglugerðar um hættumat vegna snjóflóða á skíðasvæðum, og vinnu Veðurstofunnar við slíkt hættumat. Í hættumatsskýrslum eru ábendingar varðandi daglegt eftirlit á skíðasvæðum. Þá hóf snjóathugunarmaðurinn á Siglufirði daglegt eftirlit í tilraunarskyni með snjóflóðahættu á skíðasvæðinu í Skarðsdal á miðjum vetri.

*Tafla 1. Viðbúnaðarástand veturinn 2010–2011.*

Staður	Sett	Aflýst	Tegund
Austurland	25.12.2010	27.12.2010	Viðbúnaðarástand

## 4.1 Fólk í snjóflóðum

Sem betur fer ollu snjóflóð engum slysum á fólki þennan vetur. Í ofanflóðagagnasafn Veðurstofunnar eru skráð sex snjóflóð af mannavöldum þennan vetur þar sem þrír lentu í flóðunum.

Snjóflóð féll í Ými í Tindfjöllum er göngumenn hugðust ganga á fjallið í nóvember. Snjófleki fór af stað rétt fyrir neðan mennina.

Fjallaskíðamaður kom snjóflóði af stað í Gullhólgili í Skutulsfirði í apríl og barst með því niður. Tveir skíðamenn renndu sér niður gilið. Sá á undan setti flóðið af stað skömmu eftir að hann var kominn inn í gilið og barst með því niður hálf gilið og stöðvaðist á klettum. Flóðið var ekki mjög stórt en rann hratt að sögn skíðamannanna.

Einnig í apríl, brast hengja aftan við fjallaskíðamann og úr varð all nokkuð snjóflóð á jöklinum í Gljúfurárdal. Maðurinn barst með flóðinu niður í brekkurætur, að mestu á kafi en endaði ómeiddur á yfirborði en hann týndi öðru skíðinu í flóðinu.

Mikil hrina votra lausasnjóflóða gekk yfir í Hafnarfjalli og Skarðsheiði í byrjun maí. Mörg flóðanna fóru undan sporum gönguhóps. Sum féllu með miklum gný en enginn lenti í flóðunum.

Maður á vélsleða setti af stað snjóflóð í Ámárdal í Héðinsfirði í apríl. Einnig setti vélsleðamaður nokkuð breitt flekahlauþ af stað í Illagili á Sandárdal innan Gimbrahnjúks í júní.

Að auki lenti mjólkurbíll í jaðri flóðs skammt norðan Veisusels í Fnjóskadal og lokaðist af, því ekki var búið að moka snjóflóð sem lokaði Dalsmynni nokkrum dögum áður.

## 4.2 Helstu flóð vetrarins

### 4.2.1 Krapablönduð aurskriða í Skriðdal 26. desember

Jarðvegsfylla féll úr hlíðinni skammt ofan Arnkelsgerðis á Völlum við mynni Skriðdals þann 26. desember og myndaði aur- og krapaflóð sem fór ofan í bæjarlækinn. Á leiðinni niður lækjarfarveginn reif flóðið með sér gamla pípulögn heimarafstöðvarinnar. Flóðið fór einnig yfir heimarafstöðina og reif með sér bárujárnsklætt timburhús sem hýsti rafstöðina. Eftir að flóðið hafði farið yfir rafstöðina, rann það niður að útihúsunum við Arnkelsgerði. Þar flæddi

Það að hlöðu og meðfram fjárhúsum. Þarna var flóðið svo öflugt og þykkt að það flutti með sér heyrúllur. Flóðið stöðvaðist síðan á rúllustæðu sem hindraði að það næði niður að íbúðarhúsinu. Flóðtungan var um 80 cm þar sem hún var dýpst við norðurhlið fjárhúsanna. Snjóflóðavaktin frétti ekki af skriðunni fyrr en um miðjan maí. Varðandi lýsingu á veðri er vísað í kafla 4.3.1 og línurit í viðauka I.



*Mynd 4. Séð niður eftir farvegi bæjarlækjarins. Fremst er vatnsvél rafstöðvarinnar en flóðið reif rafstöðvarhúsið með sér og rafalinn frá vélinni. Ljósmynd: Jens Hilmarsson.*



*Mynd 5. Flóðið fór meðfram útihúsum og reif með sér heyrúllur. Ljósmynd: Jens Hilmarsson.*

### **Helstu stærðir**

Dagsetning: 26. desember 2010

Upptakahæð: 155 m.

Stöðvunarhæð: 120 m.


Meðalbreidd fallbrautar: 20 m.

Flóð nr. 50032

Tegund: Krapablönduð aurskriða

## 4.2.2 Snjóflóð í Ljósavatnsskarði 7. janúar

Nokkuð stórt snjóflóð féll úr Króklækjargili í Ljósavatnsskarði og stöðvaðist á flatanum á milli Sigríðarstaða og Birkihlíðar. Það stíflaði gilið og olli rafmagnstruflunum í sólarhring. Flóðið var með 3–4 stærstu flóðum úr Króklækjargili sl. 50 ár. Flóðið var þurr en smá haugar þó í því. Það fór yfir stífluna við rafstöðina og stöðvaðist rafstöðin í nokkrar klukkustundir. Flóð hafa ekki áður náð svona langt inn í skóginn vestan við gilkaftinn. Þess má geta að Birkihlíð fór í eyði vegna snjóflóðahættu árið 1999. Sjá nánar um veðuraðdraganda í viðauka I.



Mynd 6. Snjóflóð á bæinn Veisusel í Fnjóskadal. Greinilega sést hvar flóðið stöðvaðist á húsinu.

### Helstu stærðir

Dagsetning: 7. janúar 2011  
Staður: Ljósavatnsskarð  
Upptakahæð: u.þ.b. 660 m.  
Stöðvunarhæð: 130 m.

Meðalbreidd tungu: 200 m.  
Stærðarflokkur: 3,5  
Tegund: Þurr flekahlaup  
Flóð nr. 50120

### 4.2.3 Snjóflóð við Veisusel í Fnjóskadal 10. eða 11. janúar

Þann 10. eða 11. janúar féll snjóflóð á íbúðarhúsið á Veisuseli í Fnjóskadal og útihús sambyggð því. Flóðið náði upp á þak á húsunum, braut rúðu nyrst á íbúðarhúsinu fjallsmegin og lagði inn stafn á áföstu útihúsi. Flóðið sópaði heyrúllustæðu með um 25 rúllum upp að og niður með útihúsunum að norðanverðu. Ein rúllan endaði inni í útihúsinu og hefur líklega orsakað það að stafninn lagðist inn. Gaddavír í girðingu neðan vegar slitnaði og dróst með flóðinu. Fjallgirðing stóð í tveimur bútum í miðju flóðinu og skemmdist talsvert á um 350 m kafla. Flóðið fór yfir veg og út á ísilagða Fnjóská. Orsök þessa var gífurlega hröð snjósöfnun í fjallsbrúnina og gilin þegar byrjaði að hvesa eftir talsvert mikla snjókomu í hægviðri. Síðustu ábúendur á Veisuseli fluttu haustið 2010. Nákvæm tímasetning flóðsins er ekki þekkt en seinnipart 10. janúar lenti bílstjóri mjólkurbíls í jaðri flóðs skammt norðan Veisusels sem lokaði veginum á 100 m kafla. Flóðið á íbúðarhúsið uppgötvaðist ekki fyrr en morguninn eftir og hefur það því fallið í millitíðinni. Vísað er í kafla 4.3.2 fyrir veðuraðdraganda og línurit í viðauka I.



*Mynd 7. Snjóflóð á bæinn Veisusel í Fnjóskadal. Greinilega sést hvar flóðið stöðvaðist á húsinu.*



Mynd 8. Snjóflóðið lagði inn stafn á áföstu útihúsi.

### Helstu stærðir

Dagsetning: 10/11. janúar 2011  
Staður: Veisusel í Fnjóskadal  
Upptakahæð: u.þ.b. 860 m.  
Stöðvunarhæð: u.þ.b. 80 m.

Meðalbreidd tungu: 400 m.  
Stærðarflokkur: 4  
Tegund: Þurrt flekahlaup  
Flóð nr. 50093


#### 4.2.4 Krapaflóð í Fáskrúðsfirði 19. janúar

Tvö krapaflóð féllu í hlíðinni ofan Fáskrúðsfjarðar þann 19. janúar. Þau náðu niður í þéttbýlið, annars vegar úr svokölluðum Hermannslæk (flóð nr. 50217) niður á verkstæðið Tré og steypa við Grímseyri og hins vegar úr Nýjabæjarlæk (flóð nr. 50216) niður á neðri brún Skólavegar og olli vatnið skemmdum í húsum.

Á Fáskrúðsfirði var frost og úrkomulaust dagana á undan. Upp úr miðnætti þann 19. janúar fór að rigna og hitinn tók að hækka. Um 42 mm úrkoma mældist frá því byrjaði að rigna eftir miðnættið og fram til klukkan 20 að kvöldi skömmu eftir að flóðin féllu. Þá fór hitastigið frá frostmarki í 9°C á sama tímabili. Úrkoman virtist nokkuð staðbundin, en á sama tíma rigndi t.d. lítið sem ekkert á Eskifirði. Sjá nánar um veðuraðdraganda í viðauka I.



Mynd 9. Krapaflóðið í Nýjabæjarlæk (flóð nr. 50216).



Mynd 10. Krapaflóðin tvö á Fáskrúðsfirði.

### Helstu stærðir flóðs nr. 50216

Dagsetning: 19. janúar 2011  
 Staður: Í hlíðinni ofan Fáskrúðsfjarðar  
 Uptakahæð: 300 m.  
 Stöðvunarhæð: 50 m.

Meðalbreidd: 50 m.  
 Stærðarflokkur: 2,5  
 Tegund: Krapaflóð  
 Flóð nr. 50216



## 4.3 Helstu hrinur vetrarins

### 4.3.1 Asahláka á Austurlandi 26. desember

Mikið vatnsveður og hlýindi gerði á Austurlandi á annan dag jóla. Samfara því féllu krapa- og aurflóð nærri bæjunum Arnkelsgerði á Völlum á Fljótsdalshéraði og Hjarðarhlíð í Skriðdal. Krapaspýjur féllu niður á veg við norðanverðan Reyðarfjörð og á Seyðisfirði. Mikil leysing varð og hlaup kom í flest gil og læki þ.m.t. í nágrenni þéttbýlis á Neskaupsstað, Eskifirði og Fáskrúðsfirði. Mikla úrkomu gerði einnig á norðanverðum Vestfjörðum án þess þó að það hefði valdið skriðuföllum.

Að morgni aðfangadags gerðu spár ráð fyrir að vonskuveður gengi inn á Suðausturland síðdegis á jóladag og inn á Austfirði að kvöldi jóladags. Búið var við SA hvassviðri og ákafri úrkomu sem myndi falla að mestu sem regn enda gert ráð fyrir að það hlýnaði skarpt. Spáð var mestum aftökum suðaustanlands en að Vestfirðir myndu einnig fá sinn skerf.

Áður en tók að hlána var ekki mikill snjór á láglandi og neðri hlíðum fjalla en þó var einhver snjór í giljum og skorningum. Í fjöllum var hins vegar allnokkur snjór og mældist snjódýpt í Kálfabotnum ofan Seyðisfjarðar um 70 cm og í Drangaskarði í Neskaupstað um 130 cm.

Spáin gekk í aðalatriðum eftir og skall veðrið á aðfaranótt 26. desember. Allan daginn var mikil úrkoma víða um land og hiti við sjávarmál gjarna 4–5°C. Sínu mest rigndi á Austfjörðum þar sem á 24 klst. mældust 116 mm í Neskaupstað, 112 mm á Fáskrúðsfirði og 94 mm á Eskifirði.

Óveðrið olli flóðum á nokkrum stöðum fyrir austan með tjóni á landi og mannvirkjum. Á bænum Arnkelsgerði í mynni Skriðdals, eyðilagðist heimarafstöðin í krapaflóði á annan dag jóla. Flóðið lagðist upp að hlöðu og meðfram fjárhúsum og flutti með sér nokkrar heyrúllur.

Á Hjarðarhlíð í Skriðdal kom krapaflóð sama dag niður bæjarlækinn og færði heyrúllur og rekaviðarstafla niður að á. Ekki urðu skemmdir á mannvirkjum að frátöldu að girðingar lögðust niður á kafla. Fyrir jólin var kalt á Austurlandi og lækurinn í miklum klakaböndum. Þann 23. desember var um 10 gráðu frost við ströndina en allt að 20 gráðu frost á Fljótsdalshéraði. Síðan tók að hlýna og aðfaranótt þess 26. var komin asahláka og þá skall á mikið vatnsveður á öllu Austurlandi.

Í þessu óveðri var rigning enn ákafari á Austfjörðum samanborið við Fljótsdalshérað. Um hádegisbilið þann 26. desember keyrði snjóathugunarmaður Veðurstofunnar á Eskifirði fram á tvær krapaspýjur með grjóthnullungum allt að 0,5 m í þvermál, sem fallið höfðu yfir veginn milli álversins í Reyðarfirði og bæjarins Hólma. Á þriðja tímanum tilkynnti starfsmaður Vega-gerðarinnar um þriðju spýjuna sem féll yfir veginn á þessum slóðum.

Vel var fylgst með þróun mála í nágrenni þéttbýlis í Neskaupstað og Seyðisfirði. Lítil snjór var í neðri hluta fjallsins í Neskaupstað en meiri á Seyðisfirði. Á báðum stöðum hreinsuðu gil og lækir sig án þess að nein hætta hafi stafað af. Á Seyðisfirði féllu krapaspýjur að norðanverðu innan og utan Króarhryggs, innan við gamla sláturhúsið og ofan Hafsildar. Að sunnanverðu við Seyðisfjörð féllu krapaspýjur við Grenistanga og Borgartanga.

Frá Fáskrúðsfirði bárust fréttir frá bæjarstarfsmönnum sem sögðu Nýja-Bæjarlækinn og Ytri- og Innri-Ljósána hafa rutt sig án vandræða. Haft var eftir bæjarstarfsmönnum á Eskifirði að aðstæður hafi verið bærilegar. Mjög mikinn snjó tók upp í hlíðum ofan bæjanna eins og sást á snjódýptarmælunum í Kálfabotnum ofan Seyðisfjarðar og neðan Drangaskarðs ofan Neskaupstaðar. Hiti fór í báðum tilfellum yfir frostmark í um tvo sólarhringa með þeim afleiðingum að snjóþekjan sjatnaði um 40 cm.

Þann 28. desember hafði úrkoman minnkað mikið á Austurlandi og hiti kominn niður undir frostmark. Má segja að þar með hafi þessari hrinu lokið. Í viðauka I er veðrinu þessa daga lýst á myndrænan hátt.

#### **4.3.2 Snjóflóð á Norðurlandi 7.–13. janúar**


Dagana 7.–13. janúar gerði óveður á Norðurlandi með norðan- og norðaustanátt og talsverðri staðbundinni úrkomu. Mikil ófærð var í kringum Dalvík, Akureyri og í Hörgárdal en mun minni snjór var inn í Eyjafjarðarsveit, Öxnadal og Siglufirði. Snjórinn var þurr og það var mikið kóf. Áveðurs voru fjöll ber en mikill snjór var í giljum ofan á gömlu hjarni. Þann 10. janúar lægði vind töluvert og snjóaði víða í logni áður en vindur tók að aukast á ný, og þann 12. janúar bætti enn í vind sem var þá austanstæðari og úrkoma jókst.

Þann 7. janúar féllu snjóflóð í Króklækjargili vestan við Birkihlíð í Ljósavatnsskarði og í Dalsmynni. Ólafsfjarðarvegur milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar varð ófær og ekki mokaður vegna snjóflóðahættu fyrr en morguninn eftir.

Mokstursmaður keyrði fram á 100 metra breitt flóð á veginum skammt vestan Þverár í Dalsmynni 8. janúar sem virtist nýfallið. Vegurinn var ekki opnaður fyrr en 14. janúar vegna snjóflóðahættu og óveðurs.

Flóð lokaði veginum milli Veisu og Veisusels í Fnjóskadal þann 10. janúar. Daginn eftir sást að flóð hafði fallið á bæinn sjálfan sem fór í eyði vorið 2010 og olli nokkru tjóni. Nánar er greint frá þessu flóði framar í annálnum. Sama dag lokaði nokkuð stórt snjóflóð veginum um Ljósavatnsskarð í Sandvík. Lögreglan hafði kvöldið áður varað vegfarendur við snjóflóðahættu.

Þann 12. janúar var tekin snjógryfja af starfsmanni Snjóflóðavaktar við Hallgilsstaði í Fnjóskadal. Hún sýndi 1 metra þykkann vindfleka ofan á hjarni sem brast á 40 cm lagi við 4-5 högg. Mögulegt er að gryfjan hafi einungis gefið hugmynd um mjög staðbundnar aðstæður vegna mismunandi snjósöfnunar og veðurhæðar.



Mynd 11. Snjógrýfja 12. janúar ofan Hallgilsstaða í Fnjóskadal.

Tvö flóð féllu úr giljum í Hafnarhrynu, ofan byggðar í Siglufirði og stöðvuðust niður undir brekkurótum.

Stíf austanátt var aðfarnnótt 13. janúar og féllu stór snjóflóð í Skútudal í Siglufirði yfir hitaveitumannvirkin þar. Veitustarfsmenn forðuðu sér af svæðinu vegna snjóflóðahættu eftir að hafa vitjað dælustöðvanna. Frekar algengt er að flóð falli yfir mannvirkin og valdi minniháttar tjóni. Vestur í Önundarfirði féllu tvö, frekar lítil flóð á þekktum stöðum. Frekari fregnir bárust ekki af flóðum í þessari hrinu. Í viðauka I er veðrinu þessa daga lýst á myndrænan hátt.

## Heimildir

Snjóflóðagagnasafn Veðurstofu Íslands.

Trausti Jónsson (2009). Tíðarfarsyfirlit 2010 og 2011. Sótt 1.7.2011 af


<http://www.vedur.is/vedur/vedurfar/manadayfirlit/2010> og

<http://www.vedur.is/vedur/vedurfar/manadayfirlit/2011>


Snjóflóðavakt VÍ (2011). *Upplýsingavefur Snjóflóðavaktar*. <http://blog.vedur.is/snjoflod/>

## Viðauki I. Veðuraðdragandi nokkurra snjóflóða

Veðuraðdragandi nokkurra snjóflóða hefur verið skoðaður eins og hann mældist á sjálfvirkum veðurstöðvum. Valdar voru veðurstöðvar sem voru næstar umræddum flóðum og ættu þær að gefa nokkuð góða mynd af veðurfari dagana á undan flóðunum sem um ræðir.




Mynd 12. Vindhraði og vindátt á Gagnheiði 21.–27. desember 2010.




Mynd 13. Hiti og uppsöfnuð úrkoma á Hallormsstað 21.–27. desember 2010. Á myndinni sést að úrkoma er um 80 mm á einum sólarhring.

Végeirsstaðir í Fnjóskadal sjálfvirk stöð (2011-01-02 04:00:00-2011-01-08 02:00:00)




Mynd 14. Vindhraði og vindátt í Fnjóskadal 2.–8. janúar 2011.

Akureyri - Krossanesbraut sjálfvirk stöð (2011-01-02 04:00:00-2011-01-08 02:00:00)



Mynd 15. Hiti og uppsöfnuð úrkoma á Akureyri 2.–8. janúar 2011.

**Végeirsstaðir í Fnjóskadal sjálfvirk stöð (2011-01-05 18:00:00-2011-01-11 16:00:00)**




*Mynd 16. Vindhraði og vindátt í Fnjóskadal 5.–11. janúar 2011.*

**Akureyri - Krossanesbraut sjálfvirk stöð (2011-01-05 18:00:00-2011-01-11 16:00:00)**




*Mynd 17. Hiti og uppsöfnuð úrkoma á Akureyri 5.–11. janúar 2011.*

Fáskrúðsfjörður Ljósaland sjálfvirk stöð (2011-01-14 21:00:00-2011-01-20 19:00:00)



Mynd 18. Vindhraði og vindátt á Fáskrúðsfirði 14.–19. janúar 2011.

Fáskrúðsfjörður Ljósaland sjálfvirk stöð (2011-01-14 21:00:00-2011-01-20 19:00:00)



Mynd 19. Hiti og uppsöfnuð úrkoma á Fáskrúðsfirði 14.–19. janúar 2011.



Tafla 2. Veðurþættir helstu snjóflóða vetrarins. Í töflunni hér að neðan er búið að taka saman nokkra veðurþætti mælda á veðurstöðvum í aðdraganda helstu snjóflóða vetrarins, 1, 3 og 5 daga fyrir flóðin. Uppsöfnuð úrkoma er táknuð með „r“ (r00 er úrkoma 1 dag eftir flóð), meðalvindhraði (reiknað í 3. veldi) með „f“ og meðalvindátt er táknuð með „d\*v“. Snjódyptarbreyting er táknuð með „snd“. Athugað var hvort hiti á láglandi færi yfir 2°C síðasta sólarhringinn í aðdraganda flóðanna og er það merkt með „Hláka“.

Flóð	r1	r3	r5	r00	h1	h3	h5	Hláka	f1	f3	f5	d1v	d3v	d5v	snd1	snd3	snd5
50032	73.8	82.6	82.6	2.7	5.2	-0.8	-6.1	Já	23.8	17.3	14.6	55.1	59	59.5	-3.4	-4.3	-8
50120	4.6	5.8	6.9	9.4	-8	-6	-2.6	Nei	14.4	11.7	10.7	10.6	4.1	1.3	-4.9	8.9	18.6
50093	13.4	16.3	30.3	0.2	-3.4	-4.6	-4.8	Nei	10	8.4	12.1	26.1	19.2	6.8	-113	-68.2	-65
50216	41.7	41.7	50.3	2.5	4.5	-0.3	0.1	Já	6.6	6	5.5	39.9	84.6	73.5	-15.5	-19.8	-22.3

Tafla 3. Veðurstöðvar notaðar við að greina einstaka þætti í veðuraðdraganda snjóflóðanna. Ekki var augljóst hvaða stöðvar hentuðu þessum flóðum best, þar sem þrjú þeirra féllu fjarri sjálfvirkum úrkomumælum og öll fjarri sjálfvirkum snjódyptarmælum. Óvíst er að snjódyptarmælingar langt frá upptakasvæðum snjóflóðanna séu marktækar, en þær fá þó að fylgja með.

Flóð	r,h	f,d	snd
50032	Hallormsstaður	Gagnheiði	Drangaskarð-Neskaupstað
50120	Akureyri	Végeirsstaðir	Tindaöxl-Ólafsfirði
50093	Akureyri	Végeirsstaðir	Tindaöxl-Ólafsfirði
50216	Fáskrúðsfjörður	Fáskrúðsfjörður	Drangagil-Neskaupstað

## Viðauki II. Skráð ofanflóð veturinn 2010–2011

### Skýringar við annál

Annállinn inniheldur öll flóð sem voru skráð í gagnasafn Veðurstofunnar veturinn 2010–2011. Listinn inniheldur einnig öll flóð sem fallið hafa á vegakerfið og eru skráð í gagnasafn Vegagerðarinnar á Vestfjörðum og Norðurlandi. Eins mæla snjóathugunarmenn Veðurstofunnar oft flóð sem falla á vegi í nágrenni við byggð. Enginn flóð féllu á vegakerfið á Austfjörðum. Í annálnum er að finna nokkrar helstu breytur úr gagnasafninu og eru þær útskýrðar nánar hér.

**Farvegur:** Öll flóð eru skráð í fyrirfram skilgreinda farvegi, það er stundum stórt svæði ef staðsetning er óviss.

**Dagsetning:** Oftast er um nákvæma dagsetningu að ræða en stundum er ekki vitað nákvæmlega hvenær flóðið féll og er þá líklegasta tímabilið skráð.

**Númer:** Öllum flóðum er gefið auðkennisnúmer.

**Tegund:** S=ótilgreind tegund snjóflóðs; L=lausasnjóflóð; F=flekaflóð; K=krapaflóð. Ef stafirnir „F“ og „L“ hafa endinguna „v“ (t.d. „Fv“) þá er um vott flóð að ræða, annars þurrt.

**Stærð:** Snjóflóð eru flokkuð í stærðir eftir kanadíska flokkunarkerfinu. Stærðarflokkarnir eru á bilinu 1–5. Stærri flóð en 4 eru mjög sjaldgæf.

**Lengd/Br/Dýpt:** Lárétt lengd flóðsins frá upptökum til stöðvunarpunkts, meðalbreidd tungu og meðaldýpi í tungu (gefið upp í metrum). Sé bókstafurinn „v“ aftan við stærðirnar er um breidd og þykkt á vegi að ræða og lengd niður fyrir veg.

Skráð ofanflóð veturinn 2010/2011

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
<b>Ísland, ótilgreint</b>					
Ísland, ótilgreint	20.–22.2.2011	50149	L / 1.5		Snjóflóðaspýjur féllu víða á Austfjörðum, frá Reyðarfirði suður á Breiðdalsvík.
<b>Reykjavík og nærsveitir</b>					
Bláfjöll og nágrenni	5.–10.11.2010	50018	F / 2.5	– / 500 / –	Snjóflóð féll norðan Draumadalagils í Bláfjöllum. Brotstál var neðan fjallsbrúnar.
Bláfjöll, brúnir frá Kóngsgili að Suðurgili	1.5.2011	163	Fv / 1		Snjóflóðaspýja úr skálinni á milli barnalyftunnar og Suðurgilsins í Bláfjöllum. Tveir skíðamenn settu það af stað en fóru ekki með því. Nýr snjór rann á vorhjarni.
Bláfjöll og nágrenni	1.5.2011	164	Fv / 1		Hefðbundnar vorspýjur á skíðasvæðinu í Bláfjöllum.
<b>Borgarfjörður</b>					
Skarðsheiði	1.5.2011	50218	Lv / 3	– / – / 1.5	Mikil hrina votra lausasnjóflóða gekk yfir í Hafnarfjalli og Skarðsheiði. Mörg flóðanna fóru undan sporum göngumanna. Þau sem féllu niður gil grófu sig niður á skriðu og voru því drullug í tungunni og allt að 2ja metra þykk.
Hafnarfjall	1.5.2011	50219	Lv / 2	– / – / 1	Mikil hrina votra lausasnjóflóða gekk yfir í Hafnarfjalli og Skarðsheiði.
<b>Patreksfjörður</b>					
Ofan Sigtúns	4.11.2010	50061	S / 2		Snjóflóð féll á Patreksfirði ofan Sigtúns.
Vatneyri	16.11.2010	50062	Fv / 2		Snjóflóð ofan Vatneyrar á Patreksfirði.
Patreksfjörður	19.1.2011	50126	F / 1.5		Lítið snjóflóð féll á Patreksfirði.
Brellur	9.2.2011	50134	Lv / 1.5		Blautt snjóflóð féll á Patreksfirði.

